



Kennarastöður við Grunnskólann í Þorlákshöfn

Við í Grunnskólanum í Þorlákshöfn leitum að kennurum fyrir skólaárið 2026-2027. Ráðið er í stöðurnar frá og með 1. ágúst 2026. Meðal kennslugreina er umsjónarkennsla á miðstigi, íþróttir, heimilisfræði, tónmennt og textíl.

Í skólanum eru um 290 nemendur og 70 starfsmenn. Unnið er eftir hugmyndafræði Uppeldis til ábyrgðar, teymiskennslu og leiðsagnarmats, auk þátttöku í verkefnum eins og Grænfána og Heilsueflandi skóla.

Einkunnarorð skólans eru vinátta, virðing og velgengni. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Að vinna samkvæmt stefnu skólans og stuðla að velferð nemenda
- Að mæta fjölbreyttum þörfum allra nemenda
- Að vinna í teymi með öðrum kennurum
- Að vinna að þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsmönnum
- Að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum
- Að stuðla að farsælu samstarfi heimila og skóla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og leyfisbréf til kennslu
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð hæfni í íslensku
- Faglegur metnaður og skipulagshæfni
- Reynsla og áhugi á að vinna með börnum

Umsókninni skal fylgja afrit af leyfisbréfi og greinargóð skýrsla/ferilskrá um fyrri störf umsækjanda.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Skólastjórafélags Íslands. Umsóknarfrestur er til og með 19. júní 2026.

Nánari upplýsingar veita: Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Garðar Geirfinnsson aðstoðarskólastjóri og olina@olfus.is / gardar@olfus.is

Umsóknum er skilað í gegnum rafræna umsókn á heimasíðu Sveitarfélagsins Ölfuss.